

Reykjavík, 11. desember 2012

## Niðurstaða athugunar á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið vísar til fyrri gagnsæistilkynningar sem birt var hinn 7. desember 2011 þar sem gerð var grein fyrir atriðum sem þörfuðust úrbóta eftir athugun á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Arion banka hf.

Í gagnsæistilkynningunni kemur fram að í nóvember 2011 hafi Fjármálaeftirlitið lokið athugun sinni með skýrslu eftir að Arion banka hf. hafði verið gefinn kostur á að koma á framfæri andmælum sínum. Fjármálaeftirlitið fór fram á úrbætur í samræmi við athugasemdir sem gerðar voru í skýrslunni og beindi tilmælum til Arion banka hf. um að yfirfara verkferla við útfyllingu eiginfjárskýrslna og endurskoða lána- og tryggingakerfi bankans. Að auki var stjórn bankans gert að fela innri endurskoðanda að yfirfara úrbætur og skila Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar að lútandi. Þá kemur fram að Fjármálaeftirlitið muni birta gagnsæistilkynningu á ný þegar skýrsla innri endurskoðanda Arion banka hf. um úrbætur liggi fyrir.

Skýrsla innri endurskoðanda barst Fjármálaeftirlitinu þann 7. febrúar 2012. Þar eru tilgreindar þær úrbætur sem bankinn hefur framkvæmt. Þann 8. nóvember 2012 sendi innri endurskoðandi staðfestingu á að við reglubundna eftirfylgni hefði komið í ljós að öllum úrbótum væri lokið. Fjármálaeftirlitið telur að bankinn hafi brugðist við öllum þeim athugasemdum og ábendingum sem gerðar voru.